

## AUGLÝSING

um breytingu á verði á lyfjum samkvæmt 4. gr. reglugerðar um hverjar vörur lyfsalar einir og lækna (dýralækna), er rétt eiga eða leyfi hafa til lyfjasölu, mega hafa á boðstólum, selja eða afhenda, nr. 173 20. desember 1967.

Frá og með 1. maí 1968 breytist verð á samsettum vítamíntöflum samkv. 1 mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 173 20. desember 1967 og verður í útsölu kr. 48.00 hver 100 stykkja pakkning og einnig á askorbínsýrutöflum samkv. 2. mgr. 4. gr. nefndrar reglugerðar og verður kr. 36.00 hver 100 stykkja pakkning.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. apríl 1968.*

F. h. r.  
Baldur Möller.

Jón Thors.

19. apríl 1968.

Nr. 94.

## AUGLÝSING

um umferð í Suðureyrarhreppi.

Samkvæmt gerðri samþykkt hreppsnefndar og ákvörðun sýslumanns eftir heimild í 65. gr. umferðarlaga er ákveðið:

1. Einstefnuakstur.

a. Aðalgata í Suðureyrarkauptúni frá Hjallavegi að Eyrargötu, þar sem Aðalgata og Eyrargata skerast við hús nr. 32 og 34 á Aðalgötu og verður ekið frá norðri til suðurs.

Þessi ákvörðun tekur gildi 26. maí 1968.

b. Eyrargata: Aka ber frá suðri til norðurs. Einstefnuakstur frá og með 26. maí 1968.

c. Stefnisgata milli Aðalgötu og Eyrargötu, ekið frá vestri til austurs.

d. Skólagata milli Aðalgötu og Eyrargötu, ekið frá austri til vesturs.

Á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. maí skal ekki vera einstefnuakstur á Eyrargötu frá Skólagötu og til suðurs.

Umferðarmerkjum verður komið upp í samræmi við þessa auglýsingu.

*Sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, 19. apríl 1968.*

Jóh. Gunnar Ólafsson.